

Mál nr. 414/2017

M
og
V vegna kortatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu. Forfallatrygging.

Gögn.

Málskot, dags. 19.12.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 29.12.2017.

Málsatvik.

Atvik voru með þeim hætti að M hafði áætlað að fara í ferð til útlanda með Bændaferðum (B) 10. september 2017. M óskaði eftir bótum úr kortatryggingu sem var í gildi hjá V vegna forfalla í ferðina og framvísaði læknisvottorði dags. 1. ágúst 2017. Í læknisvottorðinu kom fram að veikinda M hafi fyrst orðið vart þann dag en að þau hafi borið að með skyndilegum hætti. Nánari lýsing á einkennum var að hreyfigeta væri minnkuð.

Á grundvelli þessara upplýsinga hafnað V bótaskyldu.

Nýtt læknisvottorð með nánari upplýsingum var gefið út 28. ágúst 2017 þar sem fram kom að M hafi dottið erlendis í apríl 2017 og hafi eftir það haft verki og bólgu í hægri hné og minnkaða göngugetu. Einnig kemur fram að hann hafi fengið stera og röntgenmynd hafi sýnt bólgu og slit. Þá kemur fram að M hafi hrasað 9. september 2017, hafi þá farið á bráðavakt og sé ennþá með sár á höndum og fótum.

V hafnaði aftur bótaskyldu á þeim grundvelli að ósannað sé að óhapp M í apríl 2017 hafi orsakað líkamstjón hans. Slit á hné á eldri manneskju sé hvorki óvænt né skyndilegt og ekki sé minnst á óhappið í fyrra læknisvottorði né tjónstilkynningu. Þá sé misræmi í læknisvottorðum og telur V að síðari tíma lýsingar á atvikum feli ekki í sér nægilega skýra eða afgerandi sönnun um að óhappið hafi orsakað líkamstjón M. Að lokum telur V að umrætt óhapp falli ekki undir skilgreiningu orðsins „slys“ samkvæmt váttryggingaskilmálum GT84 og geti þar af leiðandi ekki átt við um óhappið.

Álit.

Um kortatrygginguna sem bætur í þessu máli eru sóttar í gilda váttryggingaskilmálar GT84. Í þeim skilmálum kemur fram að bættur sé ferðakostnaður sem greiddur er fyrirfram og ekki fæst endurgreiddur vegna ferðar sem hinn váttryggði kemst ekki í ef ástæðan er meðal annars andlát líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins váttryggða enda vottað af starfandi lækni, sbr. grein 7.1.1. Orðalag váttryggingaskilmála GT84 er víðtækara en almennt er í forfallatryggingum þar sem ekki er skilyrði að um alvarlegt slys hafi borið að höndum né að veikindin séu skyndileg.

Samkvæmt læknisvottorði var tekin röntgen mynd af M sem sýndi bólgur og slit í hné og fram kemur að M var með minnkaða göngugetu. Hvort sem bólgan eða slitið stafaði af óhappi sem varð í apríl 2017 eða hafi komið síðar er ekki hægt að líta öðruvísi á en að veikindi eða slys hafi valdið þeim einkennum sem gerðu það að verkum að M forfallaðist í áætlaða ferð. Af þeim sökum á M rétt á bótum úr forfallatryggingu kortatryggingarinnar hjá V. Það getur ekki komið í veg fyrir bótaskyldu að tjónþoli fái nánari upplýsingar um veikindi á nýju læknisvottorði.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr forfalltryggingu kortatrygginga hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.